



Fundargerð

**2. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 5. september 2024.**

Fundinn sátu:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Ingi Arnarsson, Jón Geir Ólafsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristín Lárusdóttir, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Sólveig Ólafsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Valgeir J. Guðmundsson, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson og Svavar Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.00. Formaður óskaði eftir því að fá að bæta einu máli á dagskrá undir liðnum trúnaðarmál, var þessi breyting samþykkt samhljóða.

Almenn mál

1. 2408042 - Málefni íþróttta- og æskulýðsmála

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, Greindi frá málinu. Íþróttastarf barna byrjað, góð byrjun og mörg börn sem eru að prófa íþrótttagreinar.

Bjartur lífstíll, samstarfsverkefni Landsambands eldri borgara og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Allar upplýsingar á einn stað. Boccia, pokavarp og sundleikfimi verða í boði fyrir 60 ára og eldri í veturn.

Íþróttavika Evrópu verður haldin dagana 23.-30. september næstkomandi. Æfingar fyrir fullorðna hefjast samhljóða og verða opnar í tilefni íþróttavikunnar. Blak, körfubolti, fótbolti, ringó, badminton og borðtennis verða í boði á haustönn.

Sigurður Eyjólfur, lagði fram drög af handbók Ungmennafélagsins ÁS. Tímafrek og umfangsmikil vinna. Ítarlegar kennslu- og æfingaskrár eru í vinnslu, vinna við kennsluskrá fyrir fótbolta er lokið, kennsluskrá fyrir körfubolta komin vel á veg, mesta vinnan sem eftir er liggur í kennsluáætlun fyrir frjálsar íþróttir og karate.

2. 2408004 - Erindi frá forstöðumanni Íþróttamiðstövar.

Lagt fram bréf, dagsett, 9. ágúst 2024. Bréfið lagt fram að nýju.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð leggur til við sveitarstjórn að Íþróttamiðstöð og sundlaug verði opin 11 til 15 á sunnudögum og önnur opnun verði með sama hætti og síðasta veturn. Velferðarráð leggur jafnframt til að þessi breyting gildi til 31. desember 2024 og að opnunartími sundlaugar og íþróttahúss, verði skoðaður vegna fjárhagsáætlunar ársins 2025.

Kla AE HS
Ski SO BS
AE



3. 2408005 - Uppskeru- og þakkarhátíð Skaftárhrepps

Uppskeru- og þakkarhátíð í Skaftárhreppi verður haldin dagana 14. - 20 október 2024.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Auglýst var eftir aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum sem vildu taka þátt. Sérstaklega var óskað eftir aðilum í Landbroti og Meðallandi til að hafa opið hús eða uppákomur laugardaginn 19. október næstkomandi. Nokkrir aðilar hafa sett sig í samband við ráðið og mun Jón Geir Ólafsson, greina betur frá því á næsta fundi Velferðarráðs.

4. 2409003 - Trúnaðarmál Velferðarráðs

Niðurstaðan færð í trúnaðarbók Skaftárhrepps.

5. 2408006 - Málefni leik- og grunnskóla Skaftárhrepps

Valgeir Jens Guðmundsson, gerði grein fyrir málinu. Staðan í dag er sú að við erum að ná að vera fullmönnuð miðað við núverandi deildarskipulag. Það vantar stuðningsfulltrúa en við fengum umsókn á mánudaginn sem gæti leyst þann vanda. Það kemur í ljós á morgun föstudag. Skólinn er að gera ráðstafanir í sérkennslu, greiningum og sálfræðiþjónustu. Skólinn er mannaður að miklum meirihluta með réttindakennurum 7 af 10 og einn leiðbeinandi er í réttindanámi.

Þorgrímur Þráinsson kom og hélt two fyrilestra - fyrir unglingsadeild og miðdeild. Fyrirhugað er að vera með átak í sjálfstyrkingu og hugleiðslu sem foreldrar hafa kallað eftir.

Læsisgeta er verulegt áhyggjuefni og verður farið í sérstök átök og sérkennslu til að mæta fordæmalausri stöðu í þeim eftirnum í skólanum.

Agavandamál

Hnífamál - nemandi kom með hníf í skólann. Í kjölfarið átti sér stað uppákoma gagnvart deildarstjóra. Það mál er í vinnslu.

Skemmdir –

7 borð og 8 stólar hafa verið skemmdir frá skólasetningu.

Skrifað á vegginn upp í matsal. Hakakross skrifaður, á glugga og veggspjöld víða um skólahúsnaðið, hurð í íþróttahúsi er ítrekað spörkuð upp. Bíuð er að skemma eina hurð á járnskáp sem átti að vera notaður af nemendum unglingsadeildar. Fiktað í rafmagni - jarðsamband aftengt úr tengli. Sem var til þess að það sló út öllum skólanum og server lá niðri. (Nemandi kom með skrúfjárn að heiman og var heppinn að ekki fór verr). Þá stunda ákveðnir nemendur það að slá út rafmagni í stofum sem þýðir að það þarf nauðsynlega að koma upp myndavélum sem fyrst.

6. 2408043 - Málefni Tónlistarskóla Skaftárhrepps

Svavar Sigurðsson, skólastjóri Tónlistarskóla Skaftárhrepps, gerði grein fyrir málinu. Greindi Svavar frá því að alls væru 20 nemendur sem stunduðu nám við skólann á haustönn, en enn væri að týnast inn nemendur.

Klá
EJA
SE
SRI
HJ
B
BS



7. 2408044 - Menntastefna

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Lögð fram Menntastefna ríkisins til 2030. Velferðarráð felur formanni að undirbúa skipulagningu og vinnu við gerð menntastefnu Skaftárrepps.

8. 2408041 - Skipurit leik- og grunnskóla Skaftárrepps

Lagt fram nýtt skipurit fyrir leik- og grunnskóla Skaftárrepps.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Velferðarráð samþykkir framlagt skipurit fyrir leik- og grunnskóla Skaftárrepps með áföllnum breytingum.

Fundi slitið kl. 15.07.

Bergur Sigfússon
Bergur Sigfússon

Guðmundur Ingi Arnarsson
Guðmundur Ingi Arnarsson

Auður Eyþórsdóttir
Auður Eyþórsdóttir

Sólveig Ólafsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir

Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir
Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir

Kristín Lárusdóttir
Kristín Lárusdóttir

Sveinn H. J.
Sveinn Hreiðar Jensson